



STOFNAD 30. JANÚAR 1935

# SAMBAND ÍSLENSKRA BANKAMANNA

SNORRABRAUT 29 • 105 REYKJAVÍK  
SÍMAR (TEL.) 552 6944, 552 6252 • TELEFAX 552 1644

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 120/1575*

*komudagur 18/4 1996*

**Félagsmálanefnd Alþingis,  
Kristín Ástgeirsdóttir, formaður,  
Alþingi  
150 Reykjavík.**

Reykjavík 17. apríl 1996.

## **Varðar: Frumvarp til laga um stéttarfélag og vinnudeilur.**

Með beiðni yðar í bréfi dags. 27. mars 1996 óskið þér umsagnar Sambands íslenskra bankamanna SÍB um ofangreint frumvarp. Athugasemdir SÍB fylgja hér á eftir.

Í upphafi er ítrekuð samþykkt stjórnar SÍB, sem send var félagsmálaráðherra í bréfi dags. 14. mars 1996. Þar segir orðrétt: “Nýlega hafa verið kynnt drög að frumvarpi, sem unnið er upp úr áfangaskýrslu vinnuhóps á vegum félagsmálaráðuneytis, um samskiptareglur á vinnumarkaði. Í frumvarpsdrögum er þrengt að verkfallsrétti stéttarfélaga og boðuð mikil miðstýring kjarasamninga, þvinguð fram með lögum. Slík lögþvingun myndi óhjákvæmilega kynda undir ófriði á vinnumarkaði. Stjórn SÍB er andvíg því að sett verði lög um samskipti aðila vinnumarkaðarins og telur eðlilegra að um samskiptin sé samið þeirra í milli.”

SÍB telur að skýrar þurfi að kveða á um hvort ákvæði í frumvarpinu taki til eða breyti þeirri framkvæmd sem núverandi reglur um kjarasamningagerð bankamanna gera ráð fyrir.

Í ákvæðum í lögum 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins og í samkomulagi um kjarasamninga félagsmanna SÍB milli SÍB og bankanna, er gert ráð fyrir að ákvörðun um vinnustöðvun beri að tilkynna sáttasemjara ríkisins og viðsemjendum með 15 sólarhringa fyrirvara. Í framhaldi af því skuli sáttanefnd leggja fram sáttatillögu innan 5 sólarhringa áður en verkfall skuli hefjast. Með sáttatillögunni frestast verkfallið um 15 daga meðan atkvæðagreiðsla fer fram um sáttatillöguna. Atkvæðagreiðsla um sáttatillöguna fer fram á þessum fresti og telst sáttatillagan felld ef helmingur greiddra atkvæða er á móti henni, enda hafi ekki færri en helmingur

atkvæðisbærra starfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Sé sáttatillaga felld er um leið kominn fram skýr vilji félagsmanna um að verkfall skuli byrja.

Þannig fer atkvæðagreiðsla félagsmanna fram áður en til verkfalls kemur en þó nokkru síðar en til þess var boðað. SÍB telur nauðsynlegt að skýrt komi fram að boðun verkfalls fari fram með sama hætti og áður hjá SÍB enda óviðunandi til þurfi að koma tvær atkvæðagreiðslur meðal félagsmanna áður en til verkfalls kemur. Eins og fram kemur í frumvarpinu nú er einungis tekið fram að ákvæði í lögnum um kjarasamninga banka í eigu ríkisins haldi gildi sínu að því er tekur til miðlunartillagna (sáttatillagna) sáttanefndarinnar.

Það er undirstrikað að lögin verði svo frágengin að skýrt komi fram í þeim hvenær þau gildi og hvenær lögin nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins. Á þetta sérstaklega við um II. kafla frumvarpsins og síðari hluta III. kafla.

Í samræmi við ofangreint er þess krafist að 11. gr. frumvarpsins hljóði þannig:

Ákvæði III. kafla laganna, 20.-37. gr. gilda eftir því sem við á um opinbera starfsmenn sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna ná til. **Þá gilda áfram óbreytt ákvæði laga nr. 34/1977 um kjarasamninga starfsmanna banka í eigu ríkisins.** Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22/1978, um sáttastörf í vinnudeilum. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og gefa þau út svo breytt.

Virðingarfyllt,

**SAMBAND ÍSLENSKRA BANKAMANNA**



Friðbert Traustason  
formaður.